

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjörðina Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auglýsa til sölu og selja prestssetursjarðirnar Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu fyrir hæfilegt verð.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1963.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til stækkunar á aflstöðinni við Írafoss í Sogi, allt að kr. 65000000.00 — sextiu og fimm milljónir króna — eða tilsvarendi fjárhæð í erlendum gjaldeyri, og er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lánin f. h. ríkissjóðs.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1963.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*